

Úrskurður nr. 2/2002

- Tollflokkun
- Endurákvörðun

Tollstjóri breytir tollflokkun og endurákvörðar gjöld af tveimur vörusendingum er innihéldu byggingarefni. Kærandi telur tollflokkun tollstjóra ekki rétta og krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi. Tollstjórinn í Reykjavík krefst þess að hin kærða endurákvörðun verði staðfest. Ríkistollanefnd staðfesti hina kærðu endurákvörðun.

Lög nr. 55/1987 100. gr. go 101. gr. Lög um vörugjald nr. 97/1987

Með bréfi, dags. 28. janúar 2002, sem barst ríkistollanefnd s.d. kærir L, f.h. H. úrskurð tollstjóra frá 29. nóvember 2001. Í nefndum úrskurði eru gjöld endurákvörðuð af tveimur vörusendingum er innihéldu viðarplötur. Tollstjóri heldur því fram að um sé að ræða gólfklæðingarefni sem beri að tollflokka í tnr. 4410.1101. Kærandi heldur því fram að varan sé flutt inn sem efnivara í milliveggi og sem þakefni og krefst þess að hún verði flokkuð í tnr. 4410.1002. Varan var ásamt öðrum vörum í sendingum númer E GAA 122 10 0 FI KTK W721 og E MAC 09 09 0 FI KTK W711.

Í hinum kærðu endurákvörðunum tollstjóra kemur m.a. fram að embættið hafi skrifað innflytjanda þann 28. júlí 2001 og vakið athygli hans á rangri tollflokkun á sendingum númer: E-MAC-09-06-0-FI-KTK-W711 og E-GAA-12-10-0-FI-KTK-W721 og fyrirhugaðri endurákvörðun gjalda vegna innflutningsins. Engin andmæli bárust frá innflytjanda. Sendingarnar voru afgreiddar í svonefndri SMT tollafgreiðslu þann 11. september 2000 og 12. október 2000. Tollstjóri endurákvörðar aðflutningsgjöld af sendingunum þann 29. nóvember 2001. Hækkun gjalda nemur kr. 440.719.

Í kröfugerð kæranda segir m.a.: tollstjóri hafi ákvarðað að tollskrárnúmer varanna skuli vera 4410.1101 þ.e. "spónaplötur og áþekkar plötur úr viði eða öðrum viðarkenndum efnum, unnar til samfellu sem gólfklæðingarefni" en ekki tollskrárnúmer 4410.1102, " unnar til samfellu sem annað klæðingarefni". Á tollskrárnúmer 4410.1101 sé lagt 15% vörugjald, en ekki á vöru sem falli undir tollskrárnúmer 4410.1102. Samkvæmt lögum um vörugjald nr. 97/1987, er lagt vörugjald á ýmis byggingarefni samkvæmt tollskrá.

Þá segir að umrædd vara sé flutt inn til nota sem veggefni í milliveggi og þakefni og ekki sé því rétt að tollákvörða vöruna sem gólfefni. Ljóst sé að ákvörðun um tollflokkun byggji á því í hvað varan sé notuð. Vara sem notuð sé til annars en sem gólfefni beri því að flokka í tollflokk 4410.1102, eins og innflytjandi hafi gert fram til þessa. Hann eigi ekki að bera hallann af því að vara, sem hann flytur til landsins, til ákveðinna nota kunni að hafa fjölnota gildi, þ.e. kunni að vera notuð til annars. Það gefi auga leið að um mismunun verði að ræða, þegar tollyfirvöld ákvarði einhliða að vara sem ekki á að bera vörugjald, vegna þeirra nota sem henni er ætlað, sé látin bera 15% vörugjald, vegna þess að tollyfirvöld telji notkun hennar vera með ákveðnum hætti. Það

skekki samkeppnisstöðu við val á efni/vörum til þeirra nota er þær séu hugsaðar, ef tollyfirvöld taki ákvörðun við innflutninginn á vörunni til hverra nota hún sé ætluð. Þessi afgreiðsla tollyfirvalda muni hafa það í för með sér að innflytjandi fer að skoða hvaða vara geti komið í stað þeirrar sem tollyfirvöld flokka með þessum hætti, enda hlýtur það að skipta öllu máli við val á byggingarefni til ákveðinna nota, hvort varan beri vörugjald eða ekki. Það sé ekki hlutverk tollyfirvalda að ákvarða með þessum hætti hvernig viðskiptin gerast á markaði, þ.e. að hafa með beinum hætti áhrif á val innflytjanda á hvaða byggingarefni sé valið til nota við byggingar. Þess er krafist að umrædd ákvörðun tollstjóra verði felld úr gildi.

Tollstjóranum í Reykjavík var send kærán til umsagnar með bréfi þann 29. janúar s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 13. febrúar s.l. segir m.a. að endurákvörðun tollstjóra byggji á því að viðkomandi plötur eigi réttilega að flokkast í tnr. 4410.1101 (flöguplötur) unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni. Ekki sé ágreiningur um að vörur þessar séu unnar til samfellu sem klæðningarefni og skuli flokkast í fyrsta undirlið vöruliðar 4410. Ágreiningurinn snúist eingöngu um hvort varan sé unnin sem gólfklæðningarefni eða annað klæðningarefni og þar með flokkun hennar í undirnúmer. Tollskrárnúmerin sem hér eru til skoðunar eru þau tnr. sem í gildi voru við tollafgreiðslu sendinganna.

Síðan segir orðrétt í greinargerð tollstjóra:” Embættið hefur aflað sér gagna um vöruna af heimasíðu framleiðandans, en slóðin er; <http://www.puhosboard.fi/eng/>. Þar kemur fram að fyrirtækið framleiðir spónaplötur til ýmissa nota svo sem til húsgagnaframleiðslu og til bygginga. Byggingaplöturnar eru til í ýmsum gerðum. Almennar plötur, plötur til inniklæðninga, vatnsfráhrindandi plötur, grunnaðar plötur, veggplötur og gólfplötur. Gólfplöturnar bera heitið Puhos Floor eru nótaðar og fasaðar á öllum hliðum og eru í stærðunum 600/1200*2400 mm. Þær er einnig hægt að fá með vatnsvörn. Vara sú sem hér er til skoðunar er auðkennd á reikningum sem PUHOS FLOOR P5 EN312-5 CLASS 1 22*600*2400/56/ TG4/. Um er að ræða vatnsfráhrindandi (P5) spónaplötur, 22 mm á þykkt, 600 mm á breidd og 2400 mm á lengd. Þær eru nótaðar og fasaðar á öllum hliðum (TG4). Meðfylgjandi upplýsingar framleiðanda bera glögggt með sér að plötur þessar eru sérstaklega framleiddar sem gólfefni og einkum ætlaðar til þeirra nota.”

Þá segir að flokkun vöru við innflutning fari eftir því hvernig varan sé þegar henni sé framvísað en ekki eftir því hvað innflytjandi ætlar sér að gera við hana síðar meir. Ef innflytjandi ætli að nota vöru sem framleidd sé sem gólfefni í eitthvað annað sé honum það auðvitað í sjálfsvald sett en það hafi ekki áhrif á tollflokkun vörunnar við innflutning. Varan sé framleidd sem gólfklæðning og ætluð til þeirra nota af framleiðanda. Texti tollskrárnúmers 4410.1101 „Unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni“ lýsi vörunni fullkomlega og því beri að flokka hana í tnr. 4410.1101 á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár. Til frekari stuðnings þessari flokkun bendir tollstjóri á úrskurð ríkistollanefndar, númer 7/1997 frá 13. júní 1997, um sams konar vöru. Með vísan til ofanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar er þess krafist að hann verði staðfestar.

Umboðsmanni kæranda var send greinargerð tollstjóra til umsagnar þann 14. febrúar 2002. Kærandi bað um viðbótarfrest sem var veittur en skilaði ekki inn til nefndarinnar umsögn.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið, kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram og ennfremur skoðað vöruna hjá innflytjanda. Ágreiningsefnið er tollflokkun á spónaplötum sem fluttar voru til landsins ásamt öðrum vörum. Kærandi heldur því fram að varan sé flutt inn til nota sem efni í milliveggi og þök og því sé ekki rétt að tollflokka hana sem gólfefni. Tollstjóri flokkar vöruna aftur á móti í tnr. 4410.1101, þ.e. plötur unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni.

Vara sú sem hér er deilt um flokkun á heitir á innkaupsreikningum PUHOS FLOOR P5 EN312-5 CLASS 1 22*600*2400/56/ TG4/. og er af framleiðanda og seljanda auglýst sem gólfklæðningarefni. Í tækniupplýsingum framleiðanda segir að vara þessi sé efnismeiri og þoli meira álag en venjulegar spónaplötur. Plötur þessar hafa sérstaklega stóra nút og fjöður og er það gert til að auka styrk samsetningar. Það leiðir til þess að ekki er nauðsynlegt að sperrur liggja undir samskeytum.

Í úrskurði nr. 7/1997 fjallaði ríkistollanefnd um vöru sem er mjög áþekkt þeirri vöru sem hér er til umfjöllunar. Þar var um að ræða viðarplötur (spónaplötur) gerðar úr viðarspæni og sagi. Plöturnar voru með fjöður og nút á öllum köntum, einkum ætlaðar til klæðningar á gólfplötum, en samkvæmt upplýsingum framleiðanda eru plöturnar nothæfar sem veggja- og þakklæðning. Í tollskrá er gerður greinarmunur á gólfklæðningu annars vegar og veggklæðningu hins vegar. Ríkistollanefnd úrskurðaði að plöturnar tollflokkist í tnr. 4410.1101.

Í reglum um túlkun tollskrár segir í 1. lið: "Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda" og í 6. lið sömu reglna segir "Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemd við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi. Ljóst má vera að flokka þær vörur eftir því hvernig þær eru við innflutning og þá til hvers þær eru ætlaðar en ekki eftir því hver hugsanleg not hvers og eins eru af vörunni. Plötur þær sem hér er deilt um tollflokkun á eru af hendi framleiðanda ætlaðar til klæðinga á gólfplötum. Því ber að flokka þær sem slíkar. Í fyrstu skiptingu vöruliðsins 4410 ber að flokka spónaplötur og áþekkar plötur úr viði eða öðrum viðarkenndum efnum. Í tollnúmer 4410.1101 er ætlað að flokka plötur úr viðarefnum unnar til samfellu sem gólfklæðningarefni.

Með vísan til þess sem hér er framan hefur verið rakið og rökstuðnings tollstjórans í Reykjavík úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjóra skuli standa óbreyttur.